

Skólaakstur við erfið veðurskilyrði

Vont veður eða ófært að morgni

Ef skólabílstjórar á einstaka akstursleiðum telja að veður eða færð hamli skólaakstri hringja þeir beint í síma skólastjóra 695 0317 og tilkynna slíkt. Helstu útfærslur við slíkar aðstæður eru:

- a) Akstri seinkar vegna færðar/veðurs. Bílstjóri lætur heimili vita.
- b) Akstur er felldur niður vegna færðar/veðurs. Bílstjóri lætur heimili vita.

Ef glórulaust óveður er að morgni og ekki talið öruggt að halda skóla eða að erfitt verði að manna skóla, þá fellir skólastjóri niður skólahald og tilkynnir skólabílstjórum það símleiðis snemma morguns.

Versnandi veður á skólatíma

Fari veður versnandi á skólatíma geta skólabílstjórar á einstaka skólaleiðum óskað eftir því að aka börnum heim fyrr. Hafa þeir þá samband við skólastjóra með ákvörðun á tímasetningu. Skólaritari hefur samband við heimili um að akstri hafi verið flýtt til að tryggja að einhver sé heima til að taka á móti nemendum.

Skólastjóri hefur einnig stundum frumkvæði að því að hringja í bílstjóra og óska eftir að akstri verði flýtt. Í kjölfarið hefur skólaritari samband við heimili og upplýsir um breyttar tímasetningar.

Þegar flýtingar eru viðhafðar geta tímasetningar á flýtingunni verið misjafnar milli akstursleiða.

Vont veður eða ófærð í lok skóladags

Séu veðurskilyrði svo erfið eða tvísýn í lok skóladags að ekki verði hægt að fara af stað með heimakstur á ákveðnum aksturleiðum setur skólabílstjóri sig í samband við skólastjóra. Helstu útfærslur við slíkar aðstæður eru:

- a) Heimakstri seinkað. T.d. vegna þess að veður er að ganga niður og von um betra veður nokkru síðar eða vegna þess að aksturleið er mokuð. Skólaritari hefur samband við heimili og útskýrir stöðuna.
- b) Heimakstur felldur niður. T.d. ef frestum ber ekki árangur eða veður fer versnandi og engar horfur að það gangi niður á næstunni. Skóli hefur samband við heimili og útskýrir stöðuna.